



## **FLE fréttir**

**22. júní 2026**

### **Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda**

Nr. 2 / 2026

---



*Kæru félagsmenn,*

*Hér eru helstu tíðindi af starfsemi félagsins nú í vor og það sem af er sumri.*

#### **Húsnæðisbreytingar**

*Eins og við höfum greint frá áður höfum við verið að leita að hentugri staðsetningu fyrir félagið. Hún er nú fundin því snemma í þessum mánuði var gengið frá leigusamningi til fimm ára um húsnæði að Skippholti 50b. Við flutningana lækkar leigukostnaður félagsins. Jafnframt verður auðveldara fyrir okkur að taka á móti félagsmönnum, því eins og þið vitið líklega flest þá er oft hægara sagt en gert að finna laust bílastæði hér á Suðurlandsbrautinni. Við á skrifstofunni erum byrjuð að pakka niður en líklega munum við færa okkur yfir í nýja húsnæðið í ágúst. Við munum svo bjóða félagsmönnum í heimsókn í haust.*



### Nýlegir viðburðir

Þátttaka í bæði félagslífi og viðburðum hefur verið góð. Sem dæmi má nefna að það voru rúmlega 180 á endurskoðunardegi FLE í maí en auk þess hefur þátttaka verið mjög góð á síðustu Teams-námskeiðum. Krækjur í glærur af námskeiðum og endurskoðunardegi má finna neðar í fréttabréfinu.

Við erum nú að leggja drög að fyrsta viðburði eftir sumarfrí en við stefnum að því að halda námskeið um úttektir úr félögum um eða eftir miðjan ágúst. Hið árlega námskeið um yfirferð löggildingarprófa verður haldið þriðjudaginn 8. september og reikningsskiladagur FLE mánuði síðar eða þann 8. október.

Árlegur tiltekta- og viðhaldsdagur FLE í Reykjadal var haldinn um miðjan maí en í Reykjadal eru reknar sumarbúðir fyrir fótluð börn og ungmenni. Metþátttaka var þetta árið en alls mættu rúmlega 40 manns til leiks; endurskoðendur, starfsmenn endurskoðunarstofa og meira segja uppkomin börn sumra félagsmanna. Veðrið var gott og vinnan gekk vel. Kærar þakkir til allra sem mættu á þennan skemmtilega dag.

Loks má nefna að fyrr í þessum mánuði var félagsmönnum boðið í heimsókn til Fjársýslunnar. Þátttaka var með ágætum og heimsóknin bæði skemmtileg og fróðleg. Fjársýslustjóri og þrír félagsmenn okkar héldu ítarlega og góða [kynningu](#) um starfsemi Fjársýslunnar og alþjóðlega reikningskilastaðla fyrir opinbera aðila, þ.e. IPSAS staðlana.

### Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er mikilvæg í starfi FLE og höfum við lagt áherslu á hana síðustu ár. Eftirfarandi eru dæmi um þau mál sem við erum að vinna í.

#### **Vinnuhópur vegna endurskoðunar á lögum um bókhald**

Eins og við greindum frá í pósti til félagsmanna í maí þá hefur atvinnuvegaráðuneytið skipað vinnuhóp um endurskoðun á lögum um bókhald nr. [145/1994](#). FLE á fulltrúa í vinnuhópnum sem er Eiríkur Kristófersson, endurskoðandi hjá PwC. Félagsmenn eru hvattir til að koma ábendingum um það sem betur má fara í lögnum á framfæri við FLE. Við munum svo safna ábendingum saman og yfirfara í samráði við fagnefndir félagsins og fulltrúa okkar í vinnuhópnum. Vinsamlegast sendið ábendingar á [upalsson@fle.is](mailto:upalsson@fle.is)

#### **Breytingar á lögum um ársreikninga og endurskoðun**

Sem kunnugt er þá liggur nú fyrir á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga sem varðar stærðarmörk, endurskoðunarmörk, skilafresti ársreikninga og fleira. Álitsnefnd FLE sendi inn tvær umsagnir, fyrst við frumvarpsdrögin og svo við frumvarpið. Fulltrúar úr álitsnefnd FLE fengu svo boð á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem þeir gerðu grein fyrir álitni nefndarinnar. Til stóð að frumvarpið yrði að lögum nú á vorþingi en það er ekki ljóst hvort svo verður því nú stýttist í þinglok og er aðeins 1. umræðu lokið þegar þetta er skrifað. Hægt er að fylgjast með framvindu málsins á Alþingi [hér](#) en á heimasíðu má finna nokkrar fréttir um málið, t.d. [hér](#).

### **Samráðsvettvangur RLS**

Í tengslum við vinnu Ríkislögreglustjóra við áhættumat 2027 (NRA27) hefur verið settur á laggirnar samráðsvettvangur með það að markmiði að efla samstarf við greiningu og mat á áhættu vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Tilgangurinn er að skapa vettvang fyrir opin og markviss upplýsingaskipti milli stjórnvalda og einkageirans auk þess að byggja upp sameiginlegan skilning á nýjum og vaxandi áhættum. Vinnuhópnum er ætlað að koma með framlag inn í NRA 2027. FLE á fulltrúa í vinnuhópnum sem hefur nú þegar hist einu sinni.

### **Annað**

FLE hefur í samstarfi við reikningsskilaráð verið að rýna lög um ársreikninga með það fyrir augum að koma ábendingum um það sem betur má fara í lögnum til atvinnuvegaráðuneytisins. Þá erum við jafnframt að vinna úr þeim ábendingum sem fram komu meðal fundarmanna á endurskoðunardeggi og varða menntun endurskoðenda. Við munum í framhaldinu taka þær ábendingar saman og kynna fyrir félagsmönnum og eftir því sem við á, koma þeim áfram til ráðuneytisins.

### **Ársfundur norræna endurskoðendasambandsins**

Undirbúningur fyrir ársfund norrænu endurskoðendasamtakanna NRF í ágúst er nú í fullum gangi en fundurinn verður að þessu sinni haldinn á Íslandi. Auk framkvæmdastjóra, formanna og varaformanna norrænu samtakanna er, auk annarra, framkvæmdastjórum og forsetum heimssamtakanna IFAC og Evrópusamtakanna Accountancy Europe boðið á fundinn. FLE er aðili að báðum þessum samtökum.

Þess má geta að á aðalfundi NRF, sem haldinn verður samhliða ársfundinum, mun Elín Hanna Pétursdóttir formaður FLE taka við sem forseti NRF.

Hafið það öll gott í sumar.

Bestu kveðjur,

Unnar, Sírý og Margret

## Nýlegar fréttir á heimasíðu

[Starfstími áritunarendurskoðanda hjá einingum tengdum almannahagsmunum](#)

[Viðbrögð atvinnuvegaráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga](#)

[Hanna Kristín Skaftadóttir lýkur doktorsprófi með stuðningi FLE](#)

[Aldur, störf, kynjahlutföll og nýliðun meðal endurskoðenda í FLE](#)

[Upplýsingar um raunverulega eigendur við skil á ársreikningi](#)

### Endurskoðunardagur FLE

Á endurskoðunardeginum 23. maí sagði Eelco van der Enden framkvæmdastjóri Accountancy Europe frá starfsemi samtakanna. Jón Arnar Baldurs, Margret G. Flóvenz og Árni Claessen fjölluðu um menntun endurskoðenda, svo sem fyrirhugaðar breytingar á löggildingarprófum og niðurstöður síðasta árs, meistaranámið í háskólunum tveimur, starfsþjálfunina, menntun endurskoðenda í nágrannalöndunum og fleira. Friðrik Einarsson endurskoðandi hjá KPMG fjallaði um það hvernig notkun gervigreindar hefur haft áhrif á endurskoðun ársreikninga, hvernig hún hefur breytt verklagi á síðustu misserum, hvernig líklegt sé að hún verði notuð í framtíðinni og hverjar séu helstu hindranir og hættur við nýtingu gervigreindar. Að lokum fjallaði Harpa Theodórsdóttir staðgengill skrifstofustjóra í atvinnuvegaráðuneytinu um frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga sem nú liggur fyrir Alþingi, vinnuhóp um endurskoðun á lögum um bókhald og fyrirhugaða innleiðingu á sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins.

[Glærur frá endurskoðunardegi](#)

### Heimsókn til Fjársýslunnar

Fjársýslustjóri og þrír félagsmenn FLE héldu ítarlega og góða kynningu um bæði starfsemi Fjársýslunnar og alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila, þ.e. IPSAS staðlana, þegar félagið heimsótti Fjársýsluna þann 4. júní.

[Glærur um starfsemi Fjársýslunnar og IPSAS staðlana](#)

### Teams námskeið um virðisaukaskatt

Mánudaginn 8. júní hélt Tina Paic afar fróðlegt og gott námskeið um helstu álitafni í virðisaukaskatti með áherslu á praktíska nálgun en Tina er sérfræðingur í virðisaukaskatti hjá KPMG Law.

[Glærur](#)

### Teams námskeið um IFRS 18

Þar sem nú stýttist í það að staðall IFRS 18 um framsetningu og upplýsingagjöf taki gildi þá fengum við okkar góða félagsmann, Valgerði Kristjánsdóttur, til að fjalla um það mál í síðasta mánuði en þær breytingar sem eru fram undan munu hafa mikil áhrif á framsetningu reikningsskila hjá þeim félögum sem beita alþjóðlegu stöðlunum. Námskeiðið var mjög gott og vel sótt. Valgerður er endurskoðandi hjá PwC þar sem hún hefur starfað frá ársbyrjun 2023 en áður var hún hjá EY í 20 ár. Hún hefur jafnframt kennt endurskoðunarferli I og II í Háskóla Íslands frá árinu 2022.

[Glærur](#)

## Teams námskeið um verðmætasköpun

Í apríl fengum við Má Wolfgang Mixa, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, til að halda námskeið fyrir félagsmenn um grunnatriði varðandi verðmætasköpun fyrirtækja. Á þessu gagnlega námskeiði fjallaði Már um það hvernig fjármagnsskipan hefur áhrif á hagnað fyrirtækja með tilliti til vaxtakostnaðar og ávöxtunarkröfu sem gerð er til fyrirtækja sem og það hvaða atriði eru mikilvægust þegar kemur að arðsemi og væntum vexti.

[Glærur](#)

## Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).